

Bæjarráð - FW: Fundur um framtíð náttúrustofa

Til : Hjördís Þráinsdóttir
Frá : Gísli Halldór Halldórsson
CC : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : Bæjarráð - FW: Fundur um framtíð náttúrustofa
Málsnúmer : 2017100066
Málsaðili : Náttúrustofa Vestfjarða
Skráð dags : 23.10.2017 15:23:21
Höfundur : Gísli Halldór Halldórsson

Viðhengi Náttúrustofa Vestfjarða - samningur milli sveitarfélaga og UAR.msg
[Náttúrustofa Vestfjarða - samningur milli sveitarfélaga og UAR.msg](#)
[image003.pngimage003.png](#)
[image002.gifimage002.gif](#)

From: Nancy Bechtloff [mailto:nancy@nave.is]

Sent: 20. október 2017 09:42

To: jonpall@bolungarvik.is; Gísli Halldór Halldórsson ; sveitarstjori@strandabyggd.is; baejarstjori@vesturbyggd.is; sveitarstjori@talknafjordur.is; petur@sudavik.is; Ísafjarðarbær ; strandabyggd@strandabyggd.is; vesturbyggd@vesturbyggd.is; talknafjordur@talknafjordur.is; sudavik@sudavik.is

Cc: Smári Haraldsson ; Sigríður Gísladóttir ; Þórir Sveinsson ; Aðalsteinn Óskarsson

Subject: FW: Fundur um framtíð náttúrustofa

Sæl öll,

Ég áframsendi ykkur hér tölvupóst frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um fund sem var haldinn á milli Sambandsins og Umhverfis- og aulindaráðuneytinu þann 2. okt um framtíð náttúrustofa.

Samkvæmt þessu og pósti sem ég senti á ykkur 25.9.2017, sjá viðhengi, og fjárlagafrumvarpinu blasir við okkur eftirfarandi:

- Samningsleysi um NAVE.
- Skerðing um 10,1 millj. kr milli ára.
- A.m.k. 1 stöðugildi í hættu. En miðað við að NAVE hafi fengið 8 millj. aukafjárveitingu síðan 2008 fyrir 1 stöðugildi á sunnanverðum Vestfjörðum lit ég á það að sérstaklega þessi staða sé í hættu.

Við (aðildarsveitafélögin og NAVE) þurfum því að fara í samningaveiðræður við UAR um náttúrustofuna sem allra fyrst.

Ég legg til að við höldum fund um þetta; er einhver tími sem hentar betur en annar?

Bestu kveðjur,
Nancy Bechtloff
nancy@nave.is



Aðalstræti 21
415 Bolungarvík
Sími: 456-7005
Netfang: nave@nave.is
Kennitala: 610397-2209

From: Karl Björnsson [<mailto:karl.bjornsson@samband.is>]

Sent: 19. október 2017 15:43

To: Nancy Bechtloff; Þorkell Lindberg Þórarinnsson

Cc: Guðjón Bragason; Kristján Þór Magnússon; Bolungarvíkurkaupstaður (jonpall@bolungarvik.is); Sveitarfélagið Hornafjörður (bjorningi@hornafjordur.is); Aðalsteinn Óskarsson (adalsteinn@vestfirdir.is); Lúðvík Eckardt Gústafsson; Skútustaðahreppur (sveitarstjori@myv.is); Helga Guðrún Jónasdóttir

Subject: RE: Fundur um framtíð náttúrustofa

Sæl Nancy

Ég biðst velvirðingar á að hafa ekki svarað þér fyrr. Það sem að við ræddum 2. október sl. á fundi með fulltrúum umhverfis- og auðlindaráðuneytis var fyrst og fremst tvíþætt. Í fyrsta lagi þyrfti að bregðast skjótt við fyrirbyggjandi tillögum í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2018 um niðurskurð, sérstaklega hjá Náttúrustofu Bolungarvíkur og Náttúrustofu Húsavíkur, en einnig hjá Náttúrustofu Hafnar í Hornafirði. Baráttan ætti að fela í sér að boðaður niðurskurður yrði ekki að veruleika, a.m.k. ekki á næsta ári. Best er að heimamenn snúi sér beint til þingmanna, væntnanlegs ráðherra og fjárlaganefndar. Sambandið mun taka málið upp við fjárlaganefnd.

Hinn hlutinn er að skv. 10. gr. laga um Náttúrustofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992, er framlag til náttúrustofa háð því að samningur liggja fyrir um reksturinn. Mér skilst að gildandi samningar renni út um næstu áramót. Ljóst er að það mun ekki takast að gera nýja samninga fyrir næstu áramót svo það stefnir í samningsleysi á næsta ári. Ef það tekst að halda öllum fjárveitingum í horfinu svo náttúrustofur geti sinnt nær óbreyttum verkefnum á næsta ári, þýðir það í raun framlengingu á gildandi samningum um eitt ár. Það er tækifæri sem þarf að nýta og það er vilji hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að taka upp vinnu á næsta ári við gerð nýrra 5 ára samninga þar sem verkefni náttúrustofa verða skilgreind ásamt stöðu þeirra almennt. Án samninga er í raun óheimilt að veita fé á fjárlögum til náttúrustofa.

Á fundinum voru menn sammála um það að í raun væri ríkið að standa við gildandi lagaákvæði um framlög til náttúrustofa, þ.e. laun forstöðumanns í fullu starfi að viðbætti fjárhæð sem er allt að jafnhá þeirri fjárhæð sem renni í reksturinn. Á hinn bóginn skiptir máli hvaða ákvæði um verkefni eru í samningum um náttúrustofur og hef ég ekki forsendur til að meta hvernig þau öll eigi að fjármagna.

Ég mæli með því að fulltrúar náttúrustofa og viðkomandi sveitarstjórnir þrýsti á þetta mál skv. framangreindu og þrýsti jafnframt á ráðuneytið að taka upp viðræður um nýja langtímasamninga. Jón Geir Pétursson hefur verið tengiliður okkar hjá sambandinu í þessu máli hjá ráðuneytinu, auk ráðuneytisstjóra, og mæli ég með því að þið haldið Jóni við efnið og minnið reglulega á ykkur og það verkefni sem óumflýjanlega þarf að vinna, þ.e. gerð nýrra samninga.

Ég reikna með Nancy að þú, og aðrir sem að pósti þennan fá, áframsendið hann til þeirra sem málið varðar.

Með bestu kveðjum,
Karl Bj.



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri
Beint innval: 515 4910
Netfang: karl.bjornsson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

From: Nancy Bechtloff [<mailto:nancy@nave.is>]
Sent: 17. október 2017 15:34
To: Karl Björnsson <karl.bjornsson@samband.is>
Cc: Guðjón Bragason <gudjon.bragason@samband.is>
Subject: RE: Fundur um framtíð náttúrustofa, 28.9.2017

Sæll Karl,

Hefur þú haft tök á því að taka saman punktana sem fram komu á fundinum og værir til í að senda þá á okkur? Þetta snertir okkur hjá Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) líklega mjög mikið þar sem samkvæmt fjárlögum á að skera niður til okkar um 10,1 millj. kr milli ára sem myndi hafa veruleg áhrif á starfsemi okkar.

Takk fyrirfram & bestu kveðjur,

Nancy Bechtloff

nancy@nave.is



Aðalstræti 21

415 Bolungarvík

Sími: 456-7005

Netfang: nave@nave.is

Kennitala: 610397-2209

From: Nancy Bechtloff
Sent: þriðjudagur, 3. október 2017 08:53
To: Guðjón Bragason
Cc: Karl Björnsson
Subject: RE: Fundur um framtíð náttúrustofa, 28.9.2017

Sæll Guðjón,

Takk fyrir þetta.

Bestu kveðjur,

Nancy Bechtloff

nancy@nave.is



Aðalstræti 21
415 Bolungarvík
Sími: 456-7005
Netfang: nave@nave.is
Kennitala: 610397-2209

From: Guðjón Bragason [<mailto:guðjon.bragason@samband.is>]
Sent: 2. október 2017 16:17
To: Nancy Bechtloff
Cc: Karl Björnsson
Subject: RE: Fundur um framtíð náttúrustofa, 28.9.2017

Sæl Nancy,

Við hittum UAR í dag og var sá fundur ágætur þótt ekki kæmu fram nein bein loforð frá UAR. Ég held að framkvæmdastjóri okkar, Karl Björnsson, stefni á að senda ykkur punkta frá fundinum þegar hann hefur tíma til.

F.h. sambandsins,
Guðjón Bragason

From: Nancy Bechtloff [<mailto:nancy@nave.is>]
Sent: 2. október 2017 15:34
To: Guðjón Bragason <guðjon.bragason@samband.is>
Subject: Fundur um framtíð náttúrustofa, 28.9.2017

Sæll Guðjón,

Ég hitti Halldór Halldórs sl. föstudag og spurði hann út í fundinn um framtíð náttúrustofa sem átti að vera haldinn 28. sept á milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og UAR. Ráðlagði hann mér um að hafa samband við þig og langar mig því að spyrja þig hér með hvort þú vitir um niðurstöður fundarins?
Ég spyr ekki bara fyrir hönd Náttúrustofu Vestfjarða heldur fyrir hönd allra náttúrustofa, sem sagt SNS.

Með fyrirfram þökk & bestu kveðju,
Nancy Bechtloff
nancy@nave.is



Aðalstræti 21
415 Bolungarvík
Sími: 456-7005

Netfang: nave@nave.is
Kennitala: 610397-2209